

15. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um fátækramálefni. 1858.
31. maí.

Þær hafið, herra amtmaður, ritað oss 5. febrúar í vetur með bónarbréfi frá hreppstjórninni í Vindhælishrepp, er kvartar yfir því er amtmaðurinn hafi úrskurðað á þá leið 30. ágúst 1857, að Sölvi Jónsson, þurftugur maður, fæddur í Sveinstaða hrepp, væri nú búinn að eignast sveit í Vindhælishrepp, með því hann hefði dvalið þar 5 ár, síðan hann var 16 vetra að aldri, en fyrir 1. janúar 1849, enn þótt kunnugt væri, að Sölvi þessi hefði hvorki verið búandi né vinnandi þar í hrepp, né við lögmæta atvinnu lifað um 5 ára tíma, með því að hann hefði þar aldrei vistfastur verið, heldur gengið milli manna, farið með dagakaup og smíðað í trè, þótt hann hefði aldrei trèsmíði numið né fengið leyfi til að lifa við handið þessa.

Þessu svörum vör á þá leið. Fyrst ber þess að gæta, að svo er fyrirmælt í kanselíbréfi 4. ágúst 1838 ad 1., að orðin „búfastur eður vistfastur“ í 6. gr. reglugj. 8. janúar 1834 skuli eigi skilja beint eptir orðunum, ef svo er að eins, að maður hefir í hrepp verið lögskipaðan tíma, enda hafi hann eigi notið styrks úr sveitarsjóði; þá segir og í bréfi dómsmálastjórnarinnar 17. nóvembr. 1848, að eigi skuli orðin „við lögmæta atvinnu lifað“ í kanselíbréfi því, er nú var getið, skilja eptir eiginlegustu merking þeirra, ef maðurinn hafi eigi verið sveitarþurfi. Vör látum yður því vita, herra amtmaður, yður sjálfum til eptirsjónar og til auglýsingar þeim er hlut eigu að máli, að svo skal standa, sem amtmaður hefir á kveðið í úrskurði sínum.

16. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um verzlunarmálefni. 9. júní.

Þær hafið, herra amtmaður, sent oss uppskrípt af prófi því, er fram fór 27. júlí í fyrra, í aukadómi í Strandasýslu, til skýringar á því máli, er Daníel Gullofsen, skipari frá Arendal

1858. í Noregi, fyrirmaður á skipinu Adele, 39 lestir danskar að
 9. júní. stærð og hláðið trjáviði, hafði hinn 18. s. m. siglt inn á Borð-
 eyri í Hrútafirði og affermt þar nokkuð af hleðslu þeirri, er
 hann hafði á þiljum uppi, án þess hann hefði áður siglt á
 nokkra þeirra 6 hafna, er til eru teknar í lögum 15. apríl
 1854, 2. gr., og keypt þar íslenskt leiðarbréf. Þá hafi þér og
 skýrt oss frá, að málinu hafi verið svo lokið fyrst um sinn, að
 skipstjórnarmanni hafi leyft verið að selja þann hluta farms,
 er hann hafði á land færðan, ef hann greiddi fullt skipsgjald,
 78 rd., seldi fram til geymslu 20 rd. og fengi sèr borgunar-
 mann að 40 rd., ef svo kynni verða, að hann þætti drýgt hafa
 yfirsjón nokkra; kvaðst hann og hlíta vilja úrskurði lögstjórnar-
 herrans um þetta mál. Þá hafi þér og lagt það til, að Gull-
 ofsen skipari mætti sleppa í þetta sinn frá fæsektum, með því
 að öll skilríki þau, er fram eru komin í málinu, virðist koma
 í einn stað niður, að hann hafi eigi farið með þeim hug að
 fara kríngum lögin eður brjóta þau.

Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar
 og til frekari auglýsingar, að málsókn má niður falla í þetta
 sinn, að svo vöxnu máli, ef Gullofsen skipari bætir 20 rd.,
 þeim er hann hefir af hendi selt, það er hann hefir brugðið
 af ákvæðum tilskip. 13. júní 1787, I. kap. 3. gr., og lögum
 15. apríl 1854, 3. gr., er renna skulu í fátækra sjóð sveitar-
 innar.

25. júní.

17. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í
 norður- og austur-umdæminu, um borgun handa
 lægri dómandanum í landsyfirdóminum úr jafnaðar-
 sjóðnum fyrir skrifföng til danskra þýðinga á dóm-
 skjölum í glæpamálum.

Þér hafið, herra amtmáður, spurt oss í bréfi 27. janúar í
 fyrra, hvort lægri dómandinn í landsyfirdóminum ætti borgun
 skylda af jafnaðarsjóði amtsins fyrir skrifföng, er hann þarf að